

Nr. 014 / 14 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvassyni, Hilmari Snorrassyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 1. febrúar 2014 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Melsekk á SV miðum. Veður: NA 15-18 m/s og ölduhæð 2-4 m.

Verið var að ganga frá afla í lest og var einn skipverji að moka ís yfir í fiskikar. Hann stóð ofan í tómu kari þegar honum skrifaði fótur í veltu og féll með hægri síðu á brún karsins.

Hann hélt áfram starfi sínu það sem eftir var túrs en leitaði læknis þegar komið var í land tveimur dögum síðar. Kom þá í ljós að skipverjinn hafði rifbeinsbrotnað.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist hafa verið í nýjum stígvélum sem henti vel við þessar aðstæður. Hann taldi karið sem hann stóð í hafa verið hreint og ekki sleipt en það gæti hafa fallið einhverjir ísmolar í það þegar hann var að moka og þess vegna gæti hann hafa stigið á ísmola;
- að hann sagði að þegar hann féll hafi skipið farið niður (fram af báru) og því hafi landingin á karbrúninni verið mun harkalegri en ella. Hann hafi fyrst talið sig hryggbrotninn því höggið lent hálfpartinn á bakinu.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.